

- Fréttatilkynning -



Fjórðungsmót á Austurlandi 11. - 14. júlí.

Fjórðungsmót hestamanna á Austurlandi, FM2019, verður haldið á félagssvæði Hornfirðings að Fornustekkom í Nesjum, dagana 11. - 14. júlí 2019.

Tekin verður upp sú nýbreyttni að hafa opna gæðingakeppni á landsvísu í A- og B-flokki áhugamanna og keppni í barna-, unglinga- og ungmennaflokki. Með þessu vilja mótshaldarar stuðla að aukinni þátttöku áhugamanna og fjölskyldna þeirra.

Til að styrkja fjórðungsmótið enn frekar var ákveðið að bjóða hestamannafélaginu Geysi í Rangárvallarsýslu, þátttökurétt á fjórðungsmótinu, að Fornustekkom. Þar með eru öll hestamannafélög á svæðinu frá Rangárvalarsýslu og norður í Eyjafjörð, með keppnisrétt á mótinu. Kynbótahrossum innan hrossaræktarsamtaka á sömu svæðum er boðin þátttaka í kynbótasýningu á mótinu, samtals 45 hross samkvæmt röð á stöðulista (4-8 hross í hverjum flokki) .

Keppt verður í eftirtöldum keppnisgreinum á FM2019:

- Gæðingakeppni A-flokkur, (3 flokkar) FM-úrtaka, Áhugamanna- og ungmennaflokkur
- Gæðingakeppni B-flokkur, (2 flokkar) FM-úrtaka og Áhugamannflokkur
- Barna-, Unglinga- og Ungmennaflokkur, FM-úrtaka/Opið
- Tölta (T1), Opinn flokkur
- Tölt (T3) Áhugamenn 21 árs og eldri, og 20 ára og yngri
- Kappreiðar: 100m fljúgandi skeiði, 350m stökk og 500m brokk

Boðið verður upp á fjölbreytta skemmtidagskrá: Skógeyjarútreið, grillveislu, kvöldvöku í Stekkhól, Ræktunarbússýningar, og Sveitaball í Mánagarði.

Á félagssvæði Hornfirðings að Fornustekkom er keppnisvöllur, félagsheimili, reiðhöll með sambyggðu hesthúsi, hesthúsahverfi, tjaldstæði, beutiland fyrir ferða- og keppnishesta og frábærar útreiðarleiðir. Fornustekkar eru í ca. 8 km fjarlægð frá Höfn og öll þjónusta er til staðar, s.s. hótél, gistiheimili, tjaldstæði, úrval veitingastaða, Nettó-verslun, Lyfja, Vínbúðin, fatahreinsun, heilsugæsla, sundlaug, fjölbreytt íþróttastaða og ýmis áhugaverð söfn á sviði menningar og lista.

Hestamannafélagið Hornfirðingur

www.hornfirðingur.is